

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum.

Breytingin varðar aðeins opna svæðið sunnan við félagsheimilið og vestan við Ungmennafélagsgarð þar sem afmarkaðar verða tvær nýjar lóðir. Annars vegar er um að ræða 7 x 8 m lóð fyrir spennistöð og hins vegar 11 x 30 m lóð fyrir rotpró/hreinsistöð.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. janúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2019